

Hrossaræktin og markaðurinn

Hverning má bæta kynbótakerfið til að svara kalli markaðarinnis um keppnishross

Í upphafi skal endinn skoða

- ▶ Markhópurinn í dag
- ▶ Markhópurinn er keppnisfólkið, hestafólk sem hefur áhuga á keppni í allri sinni breidd, hérlendis og erlendis
- ▶ Erlendir ræktendur, sem eru að sækja betri grip
- ▶ Reiðhesta markaðurinn er ekki kostur eins og staðan er í dag, oftast seldir undir kostnaðarverði
- ▶ Erlendir ræktendur ná að framleiða þau hross sjálfir

Ræktunarmarkmiðið

- ▶ Almennt er talið að heppileg stærð sé á bilinu 135 til 145 cm á hæstar herðar, mælt á stöng.
- ▶ Almennt er stefnt að því að rækta hina léttbyggðari gerð íslenska hestsins með mikla áherslu á styrk, skrokkmýkt og vöðvastælt líkamsbyggingu. Sköpulagið á að stuðla að mikilli ganghæfni og eðlisgóðum höfuðburði ásamt á sama tíma að taka mið af alment fagurfræðilegum þáttum.
- ▶ Almennt er stefnt að því að rækta fjölhæfan, taktfastan og öruggan, viljugan og geðprúðan hest sem fer glæsilega í reið - hinn íslenska gæðing

Sígilt og gott rætunnarmarkmið

- ▶ Sé fyrir mig að allir gæðingar passi inn í þetta markmið, alhliðahestar sem klárhestar
- ▶ Markmið að rækta fjölhæfan hest, mikilvægt að viðhalda fjölhæfninni í stofninum
- ▶ Við höfum alla tíð átt margar gerðir gæðinga, frá A og B flokks gæðingum, í 4 of 5 gangara og kappreiða skeiðhesta.
- ▶ Af þessu eigum við að vera stolt og leggja okkur fram við að viðhalda í stofninum fjölbreytni.

Íþróttakeppnin er málið í dag

- ▶ Íþróttakeppnin á sér djúpar rætur í hestamennsku erlendra hestamanna
- ▶ Hversu leiðinlegt sem það kann að vera er gæðingakeppnin torskilin fyrir útlendinga
- ▶ Þrátt fyrir þrotlausa kynningu erlendis á keppninni nær hún ekki vinsældum í þeim mæli sem við hefðum viljað
- ▶ Fáir virðast skilja að bara langhliðarnar skuli gilda og aðeins tvær langhliðar dugi til hámrkseinkunnar á brokki í úrslitakeppni í A flokki
- ▶ Ef tækist að gera gæðingakeppnina vinsæla myndi það auðvelda sölu á slíkum hestum
- ▶ Sala er á gæðingakeppnis hestum hérlendis, oft er fólk samt að leita að hestum sem henta í hvort tveggja

Raunveruleg sala

- ▶ Skortur á klárhestum á markaðinum og hefur verið eins lengi og ég man
- ▶ Af hverju? Hugsanlega er þeim ekki gert nógu hátt undir höfði
- ▶ Meðhöndluð sem annars flokks vara af kerfinu
- ▶ Venjuleg viðbrögð er að auka framleiðslu þegar skortur er
- ▶ Hlustum ekki mikið á það, við höldum bara áfram að rækta tölur, hátt dæmd kynbótahross
- ▶ Kynbótahrossin okkar eiga að vera þess eðlis og að þau búi til hrossin sem okkur vantar
- ▶ Ef vel tekst til í ræktun, fáum við gæðinga af öllum gerðum sem henta í allt frá 4 gangi til skeiðkappreiða
- ▶ Hinir búa vonandi yfir þeim eginleikum að getað orðir góðir reiðhestar



Jarl frá Miðkrika 8,33 aðaleink. 8 vetra gamall, 9.0 tölt, stökk hægt og hratt vilji fegurð. Hann var sýndur 4 vetra með huggulegan klárhesta dóm 7 83. Samt hægt að lesa úr dómi að þar var keppnishest efni á ferð. Þegar ekkert vægi er á hægum gangtegundum koma slíkir hestar allt of lágir úr dómi. Ekki nógu verðmætar tölur fyrir ræktandann

Tók þátt í sjö HM, frá 2001 til 2013, með þremur knöpum. Eftir því sem ég kemst næst, alltaf í A Úrslitum og er margfaldur heimsmeistari



Kiljan frá Blesastöðum 1A

- ▶ Hann fékk 8,17 í aðaleinkunn 5 vetra 9,0 fyrir hægt tölt, tölt og fegurð í reið, 8,5 fyrir flest atriði í sköpulagi
- ▶ 4 vetra fékk hann 7,90 í aðaleinkunn
- ▶ Venjulegur efnilegur 4 vetra klárhesta dómur er 7,70 til 8,00 ef byggingin er góð
- ▶ Kerfið segir okkur að þetta séu ekki nógu spennandi hross þó svo að þeir sem kunna að lesa úr tölunum lesi annað ☺
- ▶ Selst vel en ekki nógu spennandi að halda eftir - RANGT
- ▶ Þessir hestar seljast um hæl, bráðum eru ekki fleiri eftir

Hraunar frá Hrosshaga 4 vetra 9,5 fyrir hægt tölt



9,0 fyrir bak og lend, 9,5 fyrir hægt tölt 😊

- ▶ Þegar frábært klárhestefni kemur fram er það selt undir eins, vegna hás söluverðmætis
- ▶ Hraunar fékk góðan dóm 8,24, en líklega ekki nógu hátt, þegar um svo sérstakan grip er að ræða
- ▶ Okkur sárvantar svona hesta í ræktun til að missa ekki þessa gerð hrossa úr stofninum
- ▶ Söluverð slíks grips er mjög hátt og er mjög mikilvægar tekjur fyrir ræktandan.
- ▶ Mjög mikilvægt að kerfið geri þessum hrossum hátt undir höfði strax hjá ræktandanum svo allir skilji til fulls hversu mikilvægt er að halda þessari gerð hrossa í stofnin
- ▶ Hraunar er seldur og farinn úr landi, fengu miklu færri en vildu

Kynbótadómur

- ▶ Matskerfið er hannað til að meta sem flesta mikilvæga eiginleika hestsins
- ▶ Mikilvægt að við nýtum og metum allar upplýsingar sem í boði eru
- ▶ Ég er viss um að við gætum nýtt miklu betur þær upplýsingar sem liggja fyrir í því kerfi sem við erum með nú þegar
- ▶ Áður en við hugum að stórkostlegum breytingum ættum við að nýta okkur og bæta það kerfi sem við erum með nú þegar

Hverning mætti bæta kynbótakerfið til að svara kalli markaðarins

- ▶ Mikill kostur og framför að gefa feti vægi 😊
- ▶ hægt töl
- ▶ hægt stökk

Hægt til milliferðar brokk

- ▶ Nauðsynlegt að bæta inn einkunn fyrir hægt til milliferðar brokk
- ▶ Hægt til milliferðar brokk, er verkefnið sem beðið er um í 4 og 5 gang
- ▶ Auðveldar okkur að lesa hvernig hest er um að ræða og meta gæðin í brokki
- ▶ T.d gæti hestur hugsanlega fengið 9,5 fyrir hægt til milliferðar brokk en 8,5 fyrir brokk ef rými skortir
- ▶ Hafi sami hestur svo háar tölur fyrir hægt tölt, hægt stökk og fet er a.m.k mikið íþróttakeppnis efni á ferð.
- ▶ Munar miklu fyrir ræktandann að sjá slíkar tölur, einnig fyrir sölu

Til umhugsunar

- ▶ Er ekki skrítið að gefa hægu gangtegundunum ekki vægi?
- ▶ Hægu gangtegundirnar eru undirstaðan fyrir því að hestur geti hreyft sig rétt og vel þegar hraðar er farið á gangtegundunum
- ▶ Í ljósi þess að.....
- ▶ Meginhluti hágengra hrossa sem hreyfa sig vel á hægu, verða rúmir með þjálfun
- ▶ Fæstir rúmu lággengu hestarnir verða hágengir með þjálfun
- ▶ Við viljum ekki bara rými, heldur gæði líka

Vægi gangtegundanna

- ▶ Með því að gefa hægu gangtegundunum eitthvert vægi myndi keppnishestefnið fá mun réttari og markaðsvænni meðferð í kynbótadómi
- ▶ Um leið myndu gæði gangtegundarinnar njóta sín betur, ekki bara hraðinn sem mörgum finnst miður
- ▶ Þetta á við bæði 4 og 5 gangara því það er líka skortur á fimm göngurum með fjórar góðar hægar til milliferðar gangtegundir

Áhrif mannsins óhjákvæmileg

- ▶ Ef við leggjum meiri áherslu á útfærslu í sýningum og verðlaunum það í kynbótadómi þá fáum við betur tamin hross
- ▶ Og betri knapa.....

- ▶ Við erum ekki bara að meta verk mannsins, heldur erum við að meta hæfileka hestsins til að verða taminn og vinna með manninum.
- ▶ Það er mikilvægasti eginleikinn, á því byggist allt sem við erum að gera. Viljinn og geðslagið

Dæma gangskiptingar

- ▶ Góð leið til að bæta kerfið gæti verið að dæma gangskiptingar, að hesturinn sé slakur og sáttur í gangskiptingunum
- ▶ Hraðabreytingar í allri sinni mynd, allt frá hraðamismun í hraðabreytingar
- ▶ Viðsnúningar, að hægt sé að hægja niður á fet og slaka á, síðan setja orku aftur og biðja um afköst
- ▶ Er snúið við í jafnvægi eða er hestinum svift hringinn með tilheyrandi písk og hæl
- ▶ Gangskiptingar, viðsnúningar og hraðabreytingar gefa miklar vísbendingar um vilja, geðslag, þjálni og jafnvægi á gangtegundum

Gangskiptingar

- ▶ Mjög mikilvæg gangskipting er stökk/ skeið
- ▶ Eigum við ekki að fara að meta hana til einkunnar
- ▶ Umbuna hestum sem hleypt er á stökk og teknir niður á snarpri stökkferð, skeiða tiltekna vegalengd og hægja síðan niður
- ▶ Undirstaða að byrja og enda sprettinn vel
- ▶ Þarna er fullt af mikilvægum atriðum að meta

Íslenskara verður það ekki 😊

- ▶ Klassísk íslensk reiðmennska 😊
- ▶ Gæðingaleiðarinn :
- ▶ 9,5 - 10 **Fullkomin sýning.**
- ▶ Hesturinn tekinn á takthreint skeið af röskri stökkferð. Hesturinn lækkar reisingu og flugskeiðar heilan sprett án mistaka, rúmt skeið, skrefmikið takthreint og afar ferðmikið. Fullkomið taumsamband, niðurtaka átakalaus og mjúk. Kraftmikil og glæsileg sýning, endar sprettinn vel, hægir hestinn mjúklega niður. Hesturinn sáttur. Reiðmennskan frábær.

Útfærslan er algert augnakonfekt

22

- ▶ Þessi lýsing verður alltaf í gildi, sem fyrirmynd
- ▶ Mögnuð upplifun sem knapi að ríða á slíkum hesti
- ▶ Sumum hestgerðum er það eðlislægt
- ▶ Mörgum er hægt að kenna það
- ▶ Aðrir geta ekki, vegna geðslags/vilja eða stökklags
- ▶ Gefa hærrí einkunn fyrir góða útfærslu
- ▶ Merkja við á blaði, þannig að hægt sé að lesa hvernig skeiðið var útfært

Kröfurnar munu verja hrossin

- ▶ Þau munu verja hrossin fyrir ósanngjarnri reiðmennsku
- ▶ Því það þarf að þjálfra betur og undirbúa
- ▶ Hver vill ekki frekar kaupa hross sem hefur fengið 9,0 fyrir skeið með upphafi og endi
- ▶ Frekar en hross sem er rennt á skeið með taumaskaki og nefið í láréréttri línu sem er oft bara ágætlega verðlaunað.
- ▶ Fyrri hesturinn gæti mjög líklega hentað í keppni
- ▶ Sá seinni er líklega orðinn kvíðinn, spenntur og hræddur við gangntegundina og jafnar sig seint eða aldrei þrátt fyrir góða þjálfun seinna meir
- ▶ Keppnisknappar í skeiði eru alls ekki spenntir fyrir að kaupa hross sem hafa hlotið háa einkunn fyrir skeið í kynbótadómi
- ▶ Fyrir þá er það í allt of mörgum tilfellum ávísun á vandræði

Þeir bestu verða bestir áfram 😊

- ▶ Engar áhyggjur af knöpunum
- ▶ Það er til svo mikið af færum reiðmönnum sem tileinka sér auknar kröfur og nýungar á svipstundu
- ▶ Raunhæfar breytingar, búa til betri reiðmenn og betur tamda hesta
- ▶ Hesta sem meiri líkur eru á að passi markaðinum

Hægt stökk selur

Erlendis sem hÉrlendis er mikil námskeiða menning og fara þau flest fram á hringvöllum og í reiðhöllum

Það virðist vera töluvert mál að finna hest sem stekkur á 20 metra hring í jafnvægi....

Það ætti raunverulega ekki að vera erfiðara fyrir hest að stökkva á hring heldur en að tölta

Fjörtaktað hægt stökk með hárrí lyftu að framan virðist fá hærri einkunn en þrítakta meðalstökk

Íslenski hesturinn má ekki hafa of gott stökk

- ▶ Það er skrýtin fullyrðing
- ▶ Við getum ekki sagt að við séum með hest sem er með fimm gagtegundir ef ein þeirra á bara að vera þrep inn í þá næstu
- ▶ Hestur á ekki að leggjast á skeið af hægu stökki, heldur í hröðun, í hröðun fer hesturinn úr þrítakt í fjórtakt og verður tlibúin til að leggjast á skeið
- ▶ Svo getur verið að Íslenski hesturinn stökkvi síður en önnur kyn og við þurfum að ræða um hvaða stökklag hentar okkar hesti best, en takturinn þarf að vera til staðar

Meta hægt og hratt stökk

- ▶ Alger undirstaða til að meta gæði hæga stökksins er að það sé þrítakta
- ▶ Þrítakturinn er undirstaða þess að hesturinn geti haldið jafnvægi á stökki í gegnum beygjur
- ▶ Alger undirstaða þess að hestur geti aukið hraðann á stökki eins og öðrum gangtegundum er að hann fari úr þrítakti í örlítinn fjártakt
- ▶ Hvort tveggja er mikilvægur eiginleiki
- ▶ Þrítaktur fyrir jafnvægið og fjórtaktur fyrir hraða og inngöngu í aðra gangtegund

Hvernig getum við stækkað markhópin?

- ▶ Með fræðslu og kennslu, reiðkennarar og reiðkennsla eru mikilvæg.
- ▶ Með reiðskóla, ekki bara fyrir börn á sumrin. Reiðskóli á að vera fyrir alla allt árið um kring
- ▶ Veldur hver á heldur
- ▶ Reiðskólar búa til verðmæti úr reiðhestum um leið og þeir búa til markað fyrir þá
- ▶ Reiðskóli er staður þar sem við hreinlega búum til kúnna
- ▶ Reiðskólar búa til sölu 😊 Þar eru nemendur líklegastir til að kaupa sína fyrstu hesta
- ▶ Hesta sem þeir þekkja og kunna hlutverkið 😊yndislegir, vel tamdir, ganghreinir, ásetugóðir hestar

Fyrirmyndin er erlendis

- ▶ Hestaleigur eru ekki bara fyrir útlendinga
- ▶ Erlendis t.d í Svipjóð eru mörg bú með myndalega innkomu einungis byggða á útreiðatúrum
- ▶ Fólk kaupir sér eins, tveggja eða þriggja tíma reiðtúra með eða án nestis um helgar og eru gjarnan áskrifendur að reiðtúrum í hverri viku
- ▶ Fastar tekjur
- ▶ Skapar sölu og nýja kúnna, fólk sem byrjar að stunda hestamennsku

Hver getur markhópurinn orðið?

- ▶ Þurfum að berjast fyrir því að það sé auðvelt að kynnast hestum og útreiðum
- ▶ Taka ábyrgð á því fólki sem vill reyna sig og setja það ekki á bak nema við öruggar aðstæður á góða vel menntaða reiðhesta sem kunna hlutverkið
- ▶ Hestar sem aðstoða við að halda fólki á baki en ekki þá sem hjálpa þeim af baki
- ▶ Við missum af allt of marga sem byrja á að detta af baki og a.m.k meiða sálina

LANDSMÓT

- ▶ Sjá til þess að Landsmótið sé ómissandi viðburður, alveg sama hvar það er haldið
- ▶ Það eru hvergi eins hestagæði og á Landsmóti, en hvað hjálpar það ef fólk kemur ekki vegna þess að við erum búin að lýsa því hversu leiðinlegur staðurinn er og hversu ómögulegt það verður.
- ▶ Reyna að halda Landsmót strax á eftir meistaramótum annarra landa
- ▶ Dagskrá má ekki vera geðpótta ákvörðun mótshaldara, getur haft slæmar afleiðingar
- ▶ Verða að vera 3-4 dagar með hápunktum þannig að fólk geti komið til að sjá það besta

Verður að vera gaman

- ▶ Ómissandi uppákomur drífa fólk til landsins
- ▶ Það verður alltaf að vera flottast, mest spennandi og skemmtilegast að koma hingað 😊
- ▶ Ætíð myndast sala í kringum uppákomurnar ef varan er til staðar

Takk fyrir áheyrnina